

Fundur í fagdeild Leiðsagnar 11. Nóvember 2021

Viðstaddir: Kristín Waage, Steinunn Harðardóttir, Vilborg Anna Björnsdóttir. Fjarverandi: Jens Ruminy og Jónas Sigurðsson:

Eftirfarandi mál voru rædd:

*Félag iðjubjálfa:* Steinunn greindi frá viðræðum sínum við stjórnarmann í Félagi iðjubjálfa en hún vildi fá upplýsingar um hlutverk fagdeildar innan vébanda stéttarfélagsins. Fagdeild Félags iðjubjálfa lýtur stjórn fagráðs. Staða iðjubjálfa eru frábrugðin stöðu leiðsögumanna að því leyti að starfsheiti iðjubjálfa er lögverndað, en svo er ekki með leiðsögumenn. Það, sem er sammerkt með þessum stéttarfélögum er að hægt er að vera með fagdeildaraðild eingöngu hjá báðum. Þá gefst nemum kostur á sérstakri nemaaðild að fagdeildinni. Steinunn sagði einnig að lög Félags iðjubjálfa væru bæði skýrari og einfaldari en lög Leiðsagnar, félags leiðsögumanna.

*Viðurkenning náms.* Eins og fram hefur komið uppfyllir enginn núverandi leiðsögumannaskóla kröfur Evrópustaðals ÍST EN 15565:2008 og er horft til þess að sú staða breytist þegar skýrsla starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna verður gerð opinber og vonandi þurfi allt nám, sem í boði er fyrir væntanlega leiðsögumenn og sem endurmenntun fyrir aðra leiðsögumenn skipulagt í samræmi við fyrrgreindan staðal.

*Síður skóla.* Ákveðið var að skoða námsskrá og innihald náms á síðum þeirra skóla, sem bjóða upp á leiðsögumannanám.

*Sendu erindi til stjórnar.* Ákveðið var að senda erindi til stjórnar og spyrjast fyrir um:

1. Hver er staðan á uppsetningu minna síða á heimasíðu Leiðsagnar?
2. Hver er staðan á því að skýrsla starfshóps um menntun og starfsþjálfun leiðsögumanna verði gerð opinber?
3. Hver er staðan á tilskipun laganefndar?

Kristín Waage